

Kæru íbúar og aðstandendur.

Því miður er ljóst að fjöldi Covid-smita í samfélaginu er í miklum vexti. Því þarf að grípa strax til aðgerða á Hrafnistuheimilunum og fylgja tilmælum sóttvarnaryfirvalda. Þetta er gert svo hægt sé að vernda okkar viðkvæmasta hóp. Í aðgerðum sínum vill neyðarstjórn Hrafnistu leggja áherslu á að hertar aðgerðir miðist við að hafa sem minnst áhrif á daglegt líf íbúanna. Til að svo megi verða er lögð enn meiri áhersla á sóttvarnarreglur tengt starfsmönnum, aðstandendum, gestum og öðrum þeim sem koma á Hrafnistuheimilin.

Reglum heimsóknartíma hefur ekki verið breytt, en við biðjum alla að lesa vel og fylgja eftirfarandi:

1. **Grímuskylda – ALLIR** gestir þurfa að bera andlitsgrímu við komu á heimilin. Heimilt er að taka grímuna niður inn á herbergi íbúa. Ekki er heimilt að vera með margnota grímur.
2. **Aðstandendur og gestir á aldrinum 0-30 ára** – Neyðarstjórnin biðlar til aðstandenda og gesta í þessum aldurshópi að koma ekki í heimsókn. Börn eru flest ekki bólusettt og meiri hluti Covid smita í samfélaginu í dag eru að greinast í aldurshópnum 18-29 ára.
3. **Ekki er heimilt** að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna né önnur alrými á heimilunum s.s. borðsali.
4. **Virða þarf** 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
5. **Íbúum er áfram heimilt** að fara út í garð og í gönguferðir með sínum nánustu, en einnig er heimilt að fara með íbúa út af heimilinu í bílferðir eða heimsóknir. Neyðarstjórnin biðlar til íbúa, aðstandenda og annarra gesta að fara ekki í mannfagnaði eða aðrar samkomur með íbúa.
6. **Fullbólusettir aðstandendur sem dvalið hafa erlendis** – eins og áður mega þeir koma í heimsókn að höfðu samráði við stjórnendur deilda og að því tilskyldu að þeir séu með öllu einkennalausir. Neyðarstjórn Hrafnistu vill samt biðla til þeirra að fara í skimun eftir að þeir koma til landsins og að niðurstaða liggi fyrir áður en þeir koma í heimsókn.
7. **Óbólusettir aðstandendur** sem eru að koma erlendis frá mega ekki koma í heimsókn inn á heimilin fyrr en 14 dagar eru liðnir frá heimkomu (undanþágu er hægt að fá í samráði við stjórnendur deildar ef um skyndileg veikindi/lífslökameðferð er að ræða hjá íbúa).
8. **Undanþága frá reglum um heimsóknir** hverju sinn, er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.

Alls ekki koma í heimsókn ef:

- a. Þú ert í sóttkví.
- b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- d. Þú ert með COVID-19 lík einkennum (**kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang, uppköst o.fl.**).
- e. Þú ert með einhver önnur almenn einkennum um veikindi.

Munið að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun.

Bólusettil geta líka smitast af Covid og smitað aðra.

Neyðarstjórn Hrafnistu leggur áherslu á að staðan getur breyst mjög hratt og mögulegt er að grípa þurfi til frekari aðgerða og takmarkana ef þörf krefur.

Kær kveðja,

Neyðarstjórn Hrafnistu